



**LANDVERND**

**ÁRSRIT  
2023-2024**





Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands, er frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum til að vernda og bæta lífsgæðin í landinu. Hlutverk Landverndar er að standa vörð um íslenska náttúru og vera virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfi. Félagar í Landvernd eru um 5.600 og aðildarfélög 39.

*Þessi skýrsla stjórnar er lögð fram á aðalfundi Landverndar þann 23. maí 2024.*

Ljósmyndir: Landvernd. Rafn Sigurbjörnsson, bls: 2-3, 5, 7, 11, 15, 22, 30. Shutterstock, bls: 13.

Forsíðumynd: Hólmsárlón, Rafn Sigurbjörnsson.

Ábyrgðarmaður: Þorgerður María Þorbjarnardóttir.

Hönnun og umbrot: Dagný Reykjalín, Blek hönnunarstofa. Prentun: Svansprent, vistvæn prentsmiðja. 





## EFNISYFIRLIT

Straumhvörf í umhverfismálum .....	4
Sterkari saman í náttúruvernd .....	6
Flumbrugangur í virkjun rafmagns.....	8
Náttúran fyrir manninn, eða hvað?.....	10
Aðalveikin.....	12
Mikilvægast af öllu er að verja náttúruna fyrir framtíðina.....	14
Frá loftslagskvíða til aðgerða .....	16
Umhverfismálin í augum unga fólksins.....	17
Hvaðan kemur áhuginn á umhverfismálum?.....	18
Gildi Grænánans fyrir unga fólkið á Tálknafirði .....	20
Landvernd er málsvari náttúrunnar .....	22
Nokkrir valdir viðburðir starfsársins .....	24
Starfsfólk Landverndar.....	26
Stjórn Landverndar.....	27
Alviðra .....	28
Kolviður .....	28
Valdar ályktanir og áskoranir 2023-2024.....	29
Um stefnu Landverndar .....	30
Rekstrarreikningur ársins 2023 .....	31



ÁVARP FORMANNS

ÞORGERÐUR MARÍA ÞORBJARNARDÓTTIR

## STRAUMHVÖRF Í UMHVERFISMÁLUM

Ég veit ekki hversu oft á þessu ári ég hef verið beðin um að taka hreina afstöðu með eða á móti einhverju. Það hafa verið vindmyllur, pappírsumbúðir, flokkun, kjötneysla og hvaðeina sem fólki er hugleikið. Ég skynja nefnilega mikinn meðbyr. Almenningi er annt um náttúruna og kerfi plánetunnar sem gera hana lífvænlega fyrir mannfolk og öll vilja leggja sitt af mörkum. Á sama tíma hafa umhverfismálin aldrei verið jafn flókin.

Því hef ég ekki getað svarað þessum beiðnum með einróma dómi. Það er ekki hægt að flokka hluti í gott og slæmt frekar en hægt er að setja fólk í kassa, góða og vonda fólkið, þótt það sé oft reynt. Þar af leiðandi er erfiðara að fylkjast um lausnir. Stjórnvöld sjálf keyra á mikilli einföldun en er fyrirmunað að taka til raunverulegra og fjármagnaðra aðgerða. Í staðinn er ábyrgðinni varpað ýmist á einstaklinginn eða önnur lönd og bent á smæð okkar í hnattrænu samhengi.



Almenningur þarf að geta skilið kjarnann frá hisminu og áttað sig á því að þingið og sveitarstjórnir eru kjörin til að vinna fyrir fólkið. Þeim ber skylda til þess að gera umhverfisvænan lífstíl ódýrari, auðveldari og eftirsóknarverðari heldur en lífstíllinn sem við lifum nú, lífstíllinn sem byggir á því að tekið sé af auðlindum jarðar til þess að viðhalda endalausum vexti á meðan úrgangurinn er ýmist brenndur eða urðaður. Að sama skapi er okkur fyrirmunað að horfast í augu við það að auðlindir jarðar eru takmarkaðar og endalaus hagvöxtur er ómögulegur.

En það eru til fleiri leiðir til þess að mæla vöxt. Vöxtur í menntun, vöxtur í vellíðan, vöxtur í líffræðilegum fjölbreytileika. Tímarnir breytast og mennirnir með og þar af leiðandi viðmið okkar um velgengni, í einu orði „hagkerfið“.

Þegar ég tala um kerfisbreytingar, frá kerfi þar sem markmiðið er endalaus vöxtur, í kerfi sem hefur það að markmiði að uppfylla þarfir alls fólks á sjálfbæran hátt, er stundum eins og ég sé að ræða tímaflakk eða framtíð mannkyns á Venus. En kerfisbreytingar eru ekki aðeins mögulegar, heldur eru þær óumflýjanlegar. Á einhverjum tímapunkti mun mannkynið hafa gengið of langt og það verður einfaldlega ekki lengur mögulegt að stunda hið línulega hagkerfi. Því lengur sem við bíðum því dýrara verður það fyrir okkur og almenningur kemur til með að þurfa að standa straum af kostnaðinum sem af hlýst. Það er ég handviss um.



Melrakki. Ljósmynd: Rafn Sigurbjörnsson

Þess vegna eru kerfisbreytingarnar almannahagsmunir. Þess vegna eiga kjörnir fulltrúar sem starfa í almannabágu að stefna í þessa átt.

Það er nákvæmlega þess vegna sem ég tel að almannasamtök á borð við Landvernd séu í lykilstöðu til að þrýsta þessum sjónarmiðum áfram. Hlutir eru almennt ekki algóðir eða slæmir. En mannkynið er að gera allt of mikið af sumu, og langt frá því nóg af öðru og því þarf að breyta. Til þess þarf róttæka og hugrakka pólitíkusa og almenning með.

Síðustu ár hafa orðið straumhvörf í umhverfismálum. Þau hafa færst frá því að vera sérstakt mál á dagskrá yfir í að vera efnahagsmál, heilbrigðismál, mál jöfnuðar, atvinnumál og eiginlega öll þau mál sem okkur dettur í hug. Það er flókið, en það er líka spennandi að lifa á tímum straumhvarfa.

*„Þú ert hluti af merkasta kafla manlegra afreka í sögunni.“*

-Surviving the climate crisis, Christiana Figueres

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA  
BJÖRG EVA ERLENDSDÓTTIR

## STERKARI SAMAN Í NÁTTÚRUVERNND

Starfsárið einkenndist af samstarfi og var að venju bæði spennandi og annasamt.

Sú hugsun sveif yfir vötnum að bestur árangur næðist í baráttunni fyrir náttúru Íslands ef náttúruverndarfólk um land allt sameinaði krafta sína. Í því skyni stóð Landvernd fyrir samráðsfundi náttúruverndarsamtaka á landsvísu í byrjun árs með mikilli þátttöku og vinnu sem skilaði góðri samstöðu og sameiginlegri ályktun. Unnið var að fjölmörgum stórum málaflokkum. Hátt bar gjöfult samstarf við önnur samtök vegna fiskeldis og áforma um vindorkuver í eigu erlendra fjárfesta sem komin eru á skipulagskortið á yfir fjörutíu stöðum um land allt.

Mikið af eldislaxi slapp úr sjókvíum Arctic Fish fyrir vestan. Atburðurinn skók íslenskt samfélag og lífríki. Í ljós kom að eldisfyrirtækin voru með öll þau mál í ólestri sem Landvernd hafði bent á.

Landvernd beitti sér gegn hvalveiðum og lagðist á sveif með dýravelferðarsamtökum og öðrum náttúruverndar-samtökum til að styðja sjávarútvegsráðherra í þeirri viðleitni að stöðva hvalveiðar. Það tókst að hluta en ekki að fullu og mun Landvernd áfram beita sér fyrir því að hvalveiðum verði alveg hætt í þágu loftslags og náttúru.

### EKKERT STARF ÁN FÉLAGA

Landvernd er styrkasta rödd náttúruverndar á Íslandi með 5.600 félag. Samtökin treysta á félagsgjöld og annan stuðning frá velunnurum í sívaxandi mæli. Verkefni hafa stækkað og þeim fjölgað á meðan opinberir styrkir lækka.



### FÉLAGSSTARF OG FRÆÐSLA

*Náttúruverndarþing* var haldið í Árnosi síðastliðið vor og hafði Þorgerður María Þorbjarnardóttir, nýr formaður Landverndar veg og vanda af samkomunni sem var vel sótt.

Margir lögðu hönd á plóginn svo halda mætti Hálandis-hátíð í lðnó í október. Hún verður haldin í þriðja sinn á árinu.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir skipulagsfræðingur og stjórnarmaður í Landvernd hélt fjölsótt fjarnámskeið þar sem hún kenndi hvernig best er að standa að umsagnaskrifum tengdum skipulagsmálum. Námskeiðið var enn einn þátturinn í þeirri viðleitni að virkja náttúruverndarfólk um land allt.

Landvernd tók á móti fjölda gesta á starfsárinu og ljóst er að áhugi á Landvernd og málefnum íslenskrar náttúru er ekki bundinn við Íslendinga.

### FRÆÐSLUSETRIÐ ALVIÐRA

Jörðin Alviðra og mannvirki á henni eru nú að fullu og öllu í eigu Landverndar. Á árinu var þar mikil starfsemi, leidd af stjórn Alviðru, sem í sitja Tryggvi Felixson, Auður Ottesen og Ágústa Þóra Jónsdóttir. Hæst bar fræðslugöngu við Sogið sem sjötíu manns tóku þátt í á heitum sumardeg. Alviðra fékk umtalsverða andlitslyftingu í sumar með vinnu sjálfboðaliða sem Auður Ottesen verkstýrði.



## ÁRVISS ÓSANNINDI

Þegar leið á haustið tók kór orkugeirans og samtaka iðnaðarins að predika neyðarástand af meiri krafti en áður hefur heyrst. Hélt kórinn því fram að rafmagnsframleiðsla hefði ekki verið aukin hérlandis í fimmtán til tuttugu ár og að nú stefndi í slíkt óefni að ekki væri hægt að tryggja heimilum rafmagn. Rangfærslum þessum hefur verið svarað margoft, með þéttum rökum og upptalningu augljósra staðreynda. En samt ganga þær aftur í sífellu, meðal annars frá stjórnvöldum. Betra dæmi um upplýsingaóreiðu er vandfundið. Þakka ber þeim fjölmörgu í Landvernd; félögum, stjórnarfólki, sérfræðingum og fagraði sem hafa tekið upp hanskan fyrir náttúruna í þágu staðreynda og leiðrétt orkuumræðuna aftur og aftur.

## LOFTSLAGIÐ Í DUBAI

Guðmundur Steingrímsson stjórnarmaður var fulltrúi Landverndar á COP28 loftslagsráðstefnunni í Dubai. Talsverð umræða umhverfishreyfinga varð í fjölmiðlum í kringum ráðstefnuna, þótt ekki leystist loftslagsvandinn á þessari ráðstefnu fremur en endranær. Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands stóðu fyrir fundi þar sem kröfur umhverfissinna fyrir COP28 voru settar fram.

Ágætt umfjöllun náðist í fjölmiðlum í kringum þennan stóra viðburð og teljum við að sú orðræða hafi skapað aukinn skilning í samfélaginu á loftslagsvandinum. Ósk Landverndar er að loftslagsaðgerðir gleymist ekki á milli ráðstefna heldur verði í heiðri hafðar árið um kring.

## STARFSFÓLK, REKSTUR OG SAMSTARF

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi Landverndar á árinu. Þrír starfsmenn, þar af framkvæmdastjórinn, létu af störfum en tveir nýir komu í staðinn. Nú starfa formaður og framkvæmdastjóri saman á skrifstofunni, sem skilar sér í öflugri rödd samtakanna út á við. Dr. Rannveig Magnúsdóttir, sem lengst hefur starfað hjá Landvernd, hvarf til nýrra verkefna hjá Biodice, en heldur sínum sérfræðitengslum og litlu hlutfalli áfram hjá Landvernd, enda málin skyld. Þótt fastráðið starfsfólk Landverndar sé færra nú en stundum áður, er hugurinn mikill og sérstaka gleði vekur sá mikli stuðningur sem Landvernd nýtur frá fyrrverandi starfsfólki, stjórnarfólki, fagraði Landverndar, almennum félögum og fjölmörgum náttúruverndarsamtökum vítt um landið. Saman getum við allt!

Háifoss. Ljósmynd Rafn Sigurbjörnsson



**BJARNI BJARNASON**  
JARÐFRÆÐINGUR OG FYRRVERANDI FORSTJÓRI  
ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

## FLUMBRUGANGUR Í VIRKJUN RAFMAGNS


Á undanförunum árum hafa víða heyrst fullyrðingar um að rafmagn á Íslandi sé að verða upp urið og að jafnvel þurfi að skerða rafmagn til heimila í landinu – verði ekki virkjað hið snarasta. Áróður af þessu tagi hefur í raun verið gegndarlaus með þeim afleiðingum að fólk veit ekki lengur hverju á að trúa. En hver er hin raunverulega staða? Í þessum skrifum leitast ég við að svara því og nokkrum spurningum til viðbótar.

Íslendingar vinna meiri raforku á hvern einstakling en nokkur önnur þjóð. Norðmenn koma næstir en þeir eru hálfdrættingar og aðrar þjóðir eru þar langt á eftir. Um 80% raforkunnar fara til stóriðju en einungis 20% til allra annarra þarfa samfélagsins. Í hópi stóriðjunnar eru meðal annars þrjú álver, kísilver og járnblendiver og gagnaver sem grafa eftir rafmynt. Aðrar þarfir samfélagsins, sem nota 20% af rafmagninu, saman standa af; öllum heimilum í landinu, öllum léttum iðnaði, fiskiðnaði og landbúnaði, og einnig í vaxandi mæli, rafbílunum okkar.



Segja mætti að Íslendingar búi við meira rafmagnsöryggi en aðrar þjóðir því við framleiðum fimm sinnum meira rafmagn en þarf til grunnþarfa samfélagsins.

Íslendingar vinna meiri orku úr endurnýjanlegum orkugjöfum en aðrar þjóðir því hlutfallið nemur um 85%. Jarðhitinn leggur þar langmest til í frumorku. Nýtni jarðhitans er hins vegar mun lakari en vatnsaflsins, sérstaklega til rafmagnsvinnslu. Kol eru um 2% af frumorku á Íslandi en þau eru notuð við álvinnslu og í kísil- og járnblendiverksmiðjum. Annað jarðefnaeldsneyti, bensín og olíur, nema um 13% af heildinni. Skiptingin hér er nánast hnífjöfn milli samgangna á landi, skipaflotans og flugsins. En eru orkulindir Íslands óþrjótandi og getum við leyft okkur hvað sem er?



Frumorkunotkun á Íslandi 1940–2022 | OS 2023-T011-01



## VATNSAFLIÐ

Engar stórar vatnsaflsvirkjanir eru nú til skoðunar nema þær sem eru í neðri hluta Þjórsár; Urriðafossvirkjun, Hvammsvirkjun og Holtavirkjun. Urriðafossvirkjun er þeirra stærst um 1 TWst á ári. Samtals gætu þær framleitt um 2,2 TWst á ári sem næmi þá riflega 10% aukningu raforkuvinnslu í landinu. Raforkuvinnslugeta nemur um 21 TWst á ári í meðal vatnsári. Margar virkjanir í nýtingarflokki vatnsafls eru mjög umdeildar og hart verður tekist á um sumar þeirra geri ég ráð fyrir.

## JARÐVARMINN


Ísland er af eldi sprottið og án eldvirkinnar risi landið ekki úr sæ. Urmull lághitasvæða er á Íslandi en auk þess um 30 megineldstöðvar. Háhitinn er þeirrar náttúru að bora þarf í lifandi eldstöðvar sem geta gosið með skömmum fyrirvara. Þetta sýndi sig ápreiðanlega í Kröflueldum og aftur nú við orkuverið í Svartsengi. Ólíklegt er að virkjað verði á Reykjanesi í bráð og hugsanlega ekki næstu 100 árin. Háhitasvæði á Reykjanesi eru því úr leik að mínu mati um fyrirsjáanlega framtíð.

Talið er að þarfir hitaveitu á höfuðborgarsvæðinu, sem nema um 1.200 MW í afltoppum, muni tvöfaldast til ársins 2060. Þörfin verður þá orðin um 2.400 MW sem nemur þremur og hálfri Kárahnjúkavirkjun að afli. Gera má ráð fyrir að allar fyrirhugaðar háhitavirkjanir Orku náttúrunnar fari til þess verðuga verkefnis að sjá hitaveitu höfuðborgarsvæðisins fyrir auknu afli. Nýtni háhita til rafmagnsvinnslu nemur aðeins um 13% en í blandaðri virkjun, sem vinnur einnig vatn fyrir hitaveitu, er nýtnin um 52%.

Hita má víða finna á hálendinu en einnig nálægt byggð, svo sem í Mývatnssveit og á Hengilssvæðinu. Það er svipað með háhitann og vatnsaflíð að sumar fyrirhugaðar háhitavirkjanir eru og verða afar umdeildar.

## VINDORKA

Um vindorku hefur mikið verið rætt og ritað á undanföllum árum. Athyglisverð er grein eftir Sveinulf Vágene orkuráðgjafa um það „[Hvernig Norðmenn voru blekktir til að byggja vindorkuver](#)“. Því hefur víða verið haldið fram að umhverfisáhrif vindorkuvera séu afturkræf að fullu. Svo er alls ekki. Undirstaða hvernar vindmyllu er risastór steinsteypuklossi sem bera þarf vindálag 200 metra hárrar myllu, slóða þarf að hverri myllu sem ber 50 tónna þunga, stórt plan þarf til reisa hverja myllu sem þolir gríðarmikinn þunga og grafa eða sprengja þarf fyrir jarðstrengjum frá hverri myllu um þriggja metra breiðan skurð svo dæmi séu tekin. Að auki þarf gríðarstórt aðfanga- og athafnaplan.



Jarðhitakort ÍSOR

Samkvæmt ítarlegustu fyrirætlunum sýnist mér að stefni í 30 til 40 vindorkuver á landinu með 3.000 til 4.000 MW rafafli. Það þýðir um 1.000 vindmyllur sem hver yrði á bilinu 150 til 250 metra há.

Norðmenn hafa valið þá leið að tengjast meginlandi Evrópu með nokkrum rafstrengjum til að flytja út rafmagn þegar lón eru full og vindurinn blæs. Þá geta þeir jafnframt flutt inn rafmagn þegar sverfur að. Íslenska raforkukerfið er ekki tengt með sæstreng við aðrar álfur. Sem betur fer segi ég því grunnverðið á rafmagni myndi hækka verulega og verðsveiflur margfaldast.

## ER RAFMAGNSSKORTUR Í LANDINU?

Meðan við Íslendingar seljum meira rafmagn en við getum framleitt mun ríkja rafmagnskortur í landinu. Svo einfalt er það. Erlend fyrirtæki hafa ekki sjálfstæðan rétt til að kaupa rafmagn á Íslandi. Við ættum hins vegar að huga vel að innlendri starfsemi og tryggja að ávallt sé til nægt rafmagn til að fullnægja þörfum heimila og atvinnulífs í íslenskri eigu.

Nú er svo komið að við gætum virkjað allt sem eftir er af jarðgufu og vatnsafla á tíu árum. Verkfræðikunnátta er komin á það stig og vinnuvélar eru svo stórtækar að þær myndu auðveldlega ráða við verkefnið. Auk þess er orðið mjög auðvelt að fá lán til að virkja græna og endurnýjanlega orku.

## FRAMTÍÐIN

Í umfjöllun um orkumál er stundum látið að því liggja að þjóðinni beri skylda til að virkja allt sem rennur og kraumar – og svo vindinn að auki. Þannig geti Íslendingar lagt sinn skerf af mörkum í heimi sem skortir endurnýjanlega orku. En rösum ekki um ráð fram. Stórfelld spjöll á náttúru landsins vegna flumbrugangs í virkjun rafmagns, verða ekki aftur tekin.



## RAKEL HINRIKSDÓTTIR

FORMAÐUR SUNN, SAMTAKA UM  
NÁTTÚRUVERND Á NORÐURLANDI

## NÁTTÚRAN FYRIR MANNINN, EÐA HVAÐ?

Ímyndaðu þér skip. Það er stórt og glæsilegt, fullbúið öllu því sem hugurinn gírnist. Það siglir stolt og hnarreist um ókunn höf. Skipið er heimili okkar. Hérna búum við. Forfeður okkar læddust um lestar skipsins og skelltu hljóðlega í lás þegar þau kvöddu. Með hverri kynslóðinni sem leit lífsins dag á skipinu, varð skarkalinn meiri. Þilförin skítugri.

Síðan fórum við að bora lítil göt á skipsskrokkinn. Örmsá í fyrstu, en stærri eftir því sem nútíminn færðist nær. Stundum stækkuðu götin sjálf, eftir að þau voru gerð. Sjórinn lak inn. Stundum fossaði. Skipið þyngdist og brakaði í.

Við vorum hætt að ganga af virðingu og varkárni um skipið sem gaf okkur líf og hélt okkur á floti. Þau örfáu sem stóðu á bókastöflum á þilfarinu og reyndu af veikum mætti að vekja athygli hinna farþeganna á ástandi skipsins voru orðin þreytt og afskipt. Farþegarnir voru uppteknir og eru það enn í dag. Þeir fá ennþá ágætis þjónustu á dekkinu og hafa ekki blotnað í fæturna hingað til.

Við sem stöndum vörð um náttúru Íslands erum ekki mörg. Á Íslandi ríkir velmegun og við erum svo heppin að eiga fullt af landsvæði sem hægt væri að nýta til orkuframleiðslu. Orkuna gætum við selt innanlands til þess að framleiða ál, knýja risavaxnar skemmur fullar af tölum, grafa eftir rafmynt eða hvað sem er. Tekjumöguleikarnir eru endalausir. Landið er endalaust. Jafnvel gætum við selt orkuna okkar úr landi, þangað sem ekki er jafn auðvelt að búa til endurnýjanlega orku. Þá fyrst færum við að mala gull.

En er landið okkar endalaus uppspretta orku? Eru víðernin í raun og veru okkar? Höfum við leyfi til þess að raska þeim? Eða ætlum við að halda áfram að bora lítil göt á skrokkinn þangað til við vöknum einn daginn og þekkjum landið okkar ekki lengur?

Ég man hvar ég var þegar Jökulsá á Fjöllum var friðuð. Ég var í Danmörku og mér vöknaði um augu. Skyndilega var ég aftur stödd í voldugri návist Dettifoss og við fögnuðum saman. Ég gekk um Jökulsárgljúfur, Hólmaturgur og flaug svo sem leið lá niður í Öxarfjörð. Þar hóf ég mig á loft, hátt upp og sá yfir þetta magnaða vatnsfall, alla leið upp á hálandi og fann fyrir gríðarlegum létti. Nú er búið að afturkalla þessa friðun. Landeigendur, sem ætluðu sér að selja land undir virkjun á vatnasviði Jöklu, kærðu friðunina og fengu sínu fram.







Flateyrdalur. Ljósmynd: Rafn Sigurbjörnsson.

Ég er formaður í SUNN, Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi. Einna efst á baugi hjá okkur síðustu árin hefur verið að standa vörð um Skjálfandafliót. Í okkar allra viltustu draumum væri það friðað, en eftir afturköllunina á friðun Jöklu, er það augljóst mál að ekkert er öruggt í þeim efnum. Mikil umræða hefur skapast í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum um Einbúavirkjun í Bárðardal. Virkjun sem er rétt undir 10 MW lágmarksframleiðslu rammaáætlunar og fellur því ekki undir þau lög, en fór í umhverfismat engu að síður að ósk sveitarfélagsins. Umhverfismat kom ekki vel út, meðal annars segir þar að virkjunin muni hafa áhrif á fljótið allt frá virkjun til ósa. Staðsetning hennar er u.þ.b. 6 km fyrir ofan Godafoss. Sú virkjun er ekki á nýju aðalskipulagi Þingeyjarsveitar, en framkvæmdaaðilinn er ekki af baki dottinn og lét gera könnun í Bárðardal og nærsveitum þar sem viðhorf fólks til virkjunarinnar er metið. Margir í sveitinni vilja fá þessa virkjun, segja að það myndi hafa jákvæð áhrif á sveitina.

Ég spyr mig oft, sem náttúruverndarsinni, hver réttur náttúrunnar sé? Við segjum gjarnan, að land sem við höfum keypt með peningum, sé okkar land. Okkar eign og okkar réttur til að nýta eins og okkur sýnist. Að áin sem rennur meðfram landinu okkar sé okkar á. En þú getur ekki átt rennandi vatn. Það á sér sitt eigið líf og hringrás sem hefur ekkert með mennina að gera. Ég trúi því að okkar skylda sé að ganga um náttúruna eins og forfeður okkar gengu um skipið. Fara hljóðlega, stíga hvert skref af virðingu og loka dyrunum varlega þegar við förum.

Það ætti ekki að geta verið einkaframtak að framleiða endurnýjanlega orku til þess að selja eins og hvert annað hrossastóð. Íslenska ríkið á að sjá um auðlindir landsins á ábyrgan hátt. Það þarf að horfa til almannahagsmuna og forðast það að láta þrönga einkahagsmuni ráða för. Að erlendir aðilar, til að mynda, horfi til eyjunnar okkar með græðgisglampa í augum, sem einhvers hóls sem hægt væri að sækja endalaus græna orku til, er martröð í mínum augum.

Það eru engin önnur skip sjáanleg á sjóndeildarhringnum. Við stökkvum ekki frá borði og skemmum nýtt skip annars staðar. Þegar öllu er svo á botninn hvolfst áttum við skipið aldrei til að byrja með. Það á okkur.



**BJARNI KARLSSON**  
GUÐFRÆÐINGUR

## AÐALVEIKIN

Ég man eftir skemmtilegum strák sem ég kynntist fyrir mörgum árum. Hann kvartaði sáran yfir foreldrum sínum því þau væru alltaf upptekin á fundum, sitjandi í alls konar stjórnnum og ráðum. „Ég held að þau séu með aðalveikina“, sagði hann. Ég hafði gaman af þessu hjá þessum því ég vissi að hann fékk heilmikinn tíma og stuðning frá foreldrum sínum og var undir niðri bara stoltur af gamla settinu.

Aðalveikin er hins vegar mikið alvörumál og getur hrjáð okkur á ýmsa lund. Það er auðvitað ekkert að því að hafa gott sjálfstraust og vilja láta um sig muna, en svo er hægt að keyra slíka mannkosti úr hófi fram. „Ertu kominn á sveifina?“ Spurði kunningi minn mig einhvern tímann þegar ég var að lýsa fyrir honum hvað ég væri gríðarlega upptekinn. „Hvaða sveif áttu við?“ spurði ég. „Sveifina sem snýr jörðinni“, svaraði hann. Ég hafði gott af þessu. Ég hef oft verið með snert af aðalveikinni.

Annað og verra einkenni þessa kvilla er það þegar okkur finnst við vera mikilvægari en annað fólk. Það er ömurlegt í að lenda, því þá hættir fólk að nenna að tala við mann. Yfirlæti er ömurð.

*„Ef býflugurnar hætta að fljúga hættum við að ganga. Svo einfalt er það.“*



Það yfirlæti sem þó er líklega skaðlegast af öllu og búið að valda mestu tjóni í veröldinni er hugmynd okkar mannanna um það að við séum aðalatriði heimsins og hafin yfir aðrar tegundir í vistkerfinu. Að vísu má segja að við séum aðgreind frá vistkerfinu á einn hátt; Við erum sú tegund sem er háðust öllum hinum tegundunum. Ef býflugurnar hætta að fljúga hættum við að ganga. Svo einfalt er það. Manneskja þarf ekki bara helling af súrefni, vatni og næringu, heldur lifir hún líka í flóknu og viðkvæmu samspili við bakteríur, gerla og alls konar aðra þætti sem halda okkur rúllandi. Við þurfum á vistkerfum jarðar að halda en þau geta sem hægast lifað án okkar.

Í þessari stöðu er aðalveikin ferleg pest, hvort sem hún birtist í hernaðaráttökum, neysluæði eða öðrum formum mannlegrar heimsku. Jörðin er ekki í neinni hættu af völdum manna. Hún mun jafna sig af ágangi mannkyns þegar hann hættir. Við þurfum hins vegar að gera það upp við okkur hvort við ætlum að lifa á forsendum veruleikans og gefa ófæddum kynslóðum líf með því að tileinka okkur sjálfbæra lífshætti. Hinn möguleikinn er að gefast upp fyrir aðalveikinni með þeim afleiðingum að vistkerfi jarðar hætta að nenna okkur og vinka bless.





## MIKILVÆGAST AF ÖLLU ER AÐ VERJA NÁTTÚRUNA FYRIR FRAMTÍÐINA

Okkur ber að skila dýrmætustu þjóðareigninni, náttúru Íslands, í góðu ástandi til framtíðarinnar. Aldrei hefur verið meiri þörf á því að náttúruverndarfólk taki saman höndum en nú. Þess vegna leggur Landvernd ríka áherslu á samvinnu náttúru- og umhverfisverndar með tugum náttúruverndarfélaga víða um land. Við ætlum að verja auðlindir okkar og náttúruna, það dýrmætasta sem við eigum og skila náttúrunni áfram í góðu ástandi. Fyrir framtíðina og fyrir komandi kynslóðir.

Árið hófst á netfundi opnum öllum náttúruverndar-samtökum, þar sem farið var yfir helstu verkefni sem við blasa. Í febrúar stóð Landvernd fyrir fjölmennum fundi undir yfirskriftinni *Sameinum krafta – Samráð náttúruverndar á Íslandi*. Næsta átak Landverndar er ferð um Ísland, þar sem sameiginleg verkefni náttúruverndar verða skipulögð. Sjáumst úti í náttúrunni í sumar!



Svípmyndir frá samráðsfundi náttúruverndarsamtaka.



Tjarnahraun. Ljósmynd: Rafn Sigurbjörnsson.

## Ályktun fundarins Sameinum krafta – Samráð náttúruverndar á Íslandi

Náttúruverndarsamtök sem starfa á Íslandi, vilja að náttúran fái sterkara umboð í samfélaginu. Nauðsynlegt er að stofna embætti umboðsmanns náttúrunnar. Samtökin telja að sami ráðherra eigi ekki að fara með umhverfismál og orkumál heldur eigi að hafa öflugan ráðherra sem hafi umhverfisvernd að leiðarljósi í öllu sínu starfi.

Auka þarf náttúrulæsi, virðingu og tilfinningu fyrir náttúrunni, gegnum skólakerfið og til almennings enda eru umhverfismál lýðheilsumál.

Náttúruverndarsamtök ætla að leggja sitt af mörkum í þessu, með auknu samráði, fræðslu og öflun upplýsinga um öll svið umhverfisverndar. Einnig þarf að fræða um loftslags- og orkumál í landinu og greiða úr þeirri upplýsingaóreiðu sem þar ríkir.

Samtökin vilja vinna gegn náttúrutapi á Íslandi og skora á stjórnvöld að taka þátt í þeirri vinnu.

### Hvað er mikilvægast að vernda?

Hálendið, heilsu, náttúru lífbreytileika og hafið

Votlendin, vistkerfin, víðernin gagnrýna hugsun og gróður

Jarðveginn, jökla, fjörur framtíðina, fossa og ást

Samtakamáttinn, öræfakýrrð óspillta náttúru og þögn

Villt dýr, velsældarsamfélag borgarnáttúru og plöntur

Þjósárver, náttúruvitund móa, menntun og mold

Laxastofninn, loftslagið landslagsheildir og von

Arf þjóðarinnar

Þátttakendur á samráðsfundinum voru spurðir hvað þeim þætti mikilvægast að vernda. Svörin voru fjölbreytt þó í þeim væri mikill samhljómur. Vigdís Friða fræðslustjóri Landverndar tók út nokkur þeirra og raðaði fallega saman í ljóðið hér að ofan.



## MENNTUN TIL SJÁLFBÆRNI

# FRÁ LOFTSLAGSKVIÐA TIL AÐGERÐA

„Umbreyting samfélaga gerist í gegnum mörg lítil skref. Við erum að móta framtíðina – og menntun getur ekki veitt okkur mikilvægara hlutverk en að styðja okkur á markvissan hátt í þeirri vegferð.“

– dr. Maja Göpel –

Samtíminn tekst á við miklar áskoranir í tengslum við loftslagsmál, hnignun vistkerfa og líffræðilega fjölbreytni. Við vitum að róttækra breytinga er þörf í átt að sjálfbærri þróun.

Sumir upplifa loftslagskviða og ekki síst unga fólk. Tími aðgerða er runninn upp, það þarf að finna lausnir, framkvæma og virkja unga sem aldna. Grænfánaverkefnið sem Landvernd hýsir er dæmi um verkefni þar sem ungt fólk er virkjað til þátttöku í umhverfismálum og hvatt til að hafa áhrif samfélagið.

[Grænfánaverkefnið](#) byggir á aðferðafræði [menntunar til sjálfbærni](#), aðferðar sem stuðlar að gagnrýnni og skapandi hugsun, valdeflingu nemenda, aðgerðum, samtakamætti og að hugsa framtíðina upp á nýtt.

## NÝTT NÁMSEFNI

Í lok síðasta árs kom út rafróbókin **Menntun til sjálfbærni – Handbók fyrir kennara**. Höfundur er Guðrún Schmidt, sérfræðingur í menntateymi Landverndar.

Markmið bókarinnar er að efla kennara í menntun til sjálfbærni. Í bókinni er fræðsluefni fyrir öll skólastig, en bókinn er þó sérstaklega ætluð unglíngastigi grunnskóla og framhaldsskólum.

Í fyrri hluta bókarinnar er farið yfir áskoranir, skilgreiningar og kennslufræði menntunar til sjálfbærni og fræðin tengd við raunverulegt skólastarf. Í seinni hluta bókarinnar er síðan fjallað um sjálfbæra þróun, heimsmarkmiðin, loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni og aðgerðir sem við blasir að mannkynið þarf að ráðast í.

Samkvæmt aðferðafræði bókarinnar eiga nemendur að nálgast viðfangsefni sín í nokkrum skrefum. Fyrsta skefið er **þekkingarleit**. Þá tileinka nemendur sér þekkingu á ákveðnu málefni, t.d. um kolefnishringrás, gróðurhúsaáhrifum og orsökum og afleiðingum loftslagsbreytinga. Þekkingarleitinni er ætlað að auka meðvitund, þekkingu og áhuga á málefni.

Næst er það **tenging**. Nemendur tengja þekkingu sína við náttúru, samfélag og hagkerfi, og þar með við eigið líf, framleiðsluhætti, neyslu, viðskipti, hagkerfi, hnattvæðingu og heimsmarkmiðin. Þeir skoða rót



vandans á gagnrýnni hátt, orsakir hans og afleiðingar. Með fjölbreyttum, nemendamiðuðum kennsluáðferðum eflast einnig tilfinningaleg tengsl og samkennd sem eru mikilvægur hvati til umbreytingar. Nemendur finna leiðir og aðgerðir fyrir sig og fjölskylduna, skólann, nærsamfélagið, stjórnvöld og á alþjóðlegum vettvangi.

Lokaskrefið er **áhrif**. Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að hafa áhrif til að gera góðar og nauðsynlegar breytingar á samfélaginu. Að hafa áhrif og gera eitthvað

í málunum er þekkt aðferð til að slá á loftslagskviða. Nemendur ákveða aðgerðir sem tengjast áhuga þeirra og getu. Sumir leggja áherslu á aðgerðir í eigin lífi, á heimilinu eða í skólanum, eins og t.d. að minnka neyslu, nota virkan samgöngumáta og minnka matarsóun. Aðrir vilja hafa áhrif á nærsamfélagið og skrifa sveitarstjórnnum eða forsvarsmönnum fyrirtækja bréf, krefjast svara og hvetja til aðgerða. Einhverjir halda sýningu í skólanum, taka viðtal við foreldra eða taka þátt í vistheimtaraðgerðum. Sumir taka þátt í mótmælagöngum, halda ræðu eða taka þátt í ungmennapöngum og hafa þannig áhrif út á við. Einhverjir taka þátt í [Umhverfisfréttafólki](#) sem er dæmi um verkefni þar sem nemendur geta haft áhrif á skapandi og valdeflandi hátt.

Efni bókarinnar getur nýst öllum, kennurum, eldri nemendum og almenningi. Bókin er gefin út af Menntamálastofnun, Grænfánum og Landvernd. Bókin er aðgengileg öllum á rafrænu formi.

## MENNTUN TIL SJÁLFBÆRNI

# UMHVERFISMÁLIN Í AUGUM UNGA FÓLKSINS

Umhverfisfréttafólk er samkeppni á vegum Landverndar þar sem ungmenni á aldrinum 12–25 ára fjalla um umhverfismál og miðla til almennings með fjölbreyttum hætti. Árlega er haldin uppskeruhátíð þar sem framúrskarandi verkefni eru verðlaunuð.

Vinningsverkefni hvers árs eru send í alþjóðlega keppni á vegum Foundation of Environmental Education og hafa þátttakendur frá Íslandi þrisvar borðið sigur úr þytum í sínum flokki.

Í ár bárust 57 verkefni frá 18 skólum. Fagleg dómnefnd fór yfir verkefnin, dómarar voru Rán Flygenring, Sigyn Blöndal og Ingunn Lára Kristjánsdóttir.

### Vinningsverkefni 2024

Í ár sigruðu nemendur í Tækniskólanum framhaldsskólakeppnina með gjörningnum *Sannleiksmolar – ljúfsárt lostæti*.

Í grunnskólakeppninni sigruðu nemendur í Garðaskóla með bókinni *Ferðalag Höllu hettupeysu*.



Vinningsliðið hannaði og smíðaði konfektakassa með fróðleiksmólum. Molunum er ætlað að vekja athygli á því sem fer fram á bak við tjöldin í súkkulaðiðnaðinum, sem tengist náttúru og mannréttindum.



Sigurlið Tækniskólans: Baltasar Dilján Rúnarsson, Kristófer Birgisson, Óliver Ben Viðarsson, Sigrún Ólafsdóttir og Lóa Margrét Hauksdóttir.



Ferðalag Höllu hettupeysu, er léttlestrarbók fyrir börn sem ætlað er að vekja athygli á fataframleiðslu og áhrifum hennar á jörðina.



Sigurlið Garðaskóla: Sebastian Ólafsson, Hildur Nanna Halldórsdóttir og Auður Krista Finnsdóttir Thorlacius. Á myndina vantar Mána Þór.



## MENNTUN TIL SJÁLFBÆRNI

# HVAÐAN KEMUR ÁHUGINN Á UMHVERFISMÁLUM?

Rætt var við Sigrúnu Freygerði Finnsdóttur og Sigríði Birnu Pálmadóttur sem sigruðu í framhalds-skólakeppni Umhverfisfréttafólks árið 2023 með teiknimyndasögunni Heimsmarkmiðshetjurnar. Bókin fjallar um þrjár hetjur, hver hetja stendur fyrir ákveðið heimsmarkmið. Kraftar þeirra byggjast á heimsmarkmiðum og einnig vandamálin sem þær leysa.

Sigríður og Sigrún eru á öðru ári á mála- og menningarbraut Menntaskólans á Akureyri. Áður voru þær í Síðuskóla á Akureyri, sem er öflugur Grænfánaskóli. Þar kynntust þær mikilvægi flokkunar og lærðu um matarsóun, m.a. um áhrif þess að vigta matarafganga. Einnig störfuðu þær í umhverfisnefnd skólans.

Í MA tóku þær áfangann Náttúrulæsi, þverfaglegan áfanga íslensku, líffræði, jarðfræði, landafræði og upplýsingatækni. Áfanginn er dæmi um góðan árangur sem næst með þverfaglegri nálgun. Þar áttu nemendur að vinna verkefni sem tengdust heimsmarkmiðunum og umhverfismálum. Kennarar áfangans hvöttu nemendur til að senda verkefni sín í keppnina Umhverfisfréttafólk.

Fyrsta hugmynd að teiknimyndasögunni var að þær vildu gera bók og fjalla um hetjur. Þær bjuggu fyrst til söguna, gerðu formið fyrir teiknimyndasöguna í tölvu, teiknuðu síðan myndirnar á blað og skiptust á að teikna, sem þær hafa báðar gaman af.

„Það góða við þetta verkefni er að það var ákveðinn rammi, en líka ákveðið frelsi, við gátum gert það sem við höfðum áhuga á,“ sagði Sigríður.






Sagan lengdist stöðugt og fóru margir klukkutímar innan og utan skólans í verkefnið. „Það var gaman að gera þetta verkefni, við erum stoltar af útkomunni.“



Sigríður Birna Pálmadóttir og Sigrún Freygerður Finnsdóttir. Þær vilja báðar halda áfram að skapa, teikna og miðla mikilvægum mállefnum.









## MENNTUN TIL SJÁLFBÆRNI

# GILDI GRÆNFÁNANS FYRIR UNGA FÓLKIÐ Á TÁLKNAFIRÐI

Tálknafjarðarskóli er glæsilegur Grænfánskóli sem hóf þátttöku í verkefninu árið 2006 og var fyrsti skólinn á Vestfjörðum til að fá Grænfána. Í vor flaggar skólinn sínum tíunda Grænfána, tákni þess að nemendum hafi tekist að ná markmiðum sínum í umhverfismálum.



Skólafarir í Tálknafjarðarskóla einkennast af sterkri tengingu við náttúruna; skólinn er umkringdur falgri náttúru og stutt að skjótast niður í fjöru. Við skólann er skógrækt, þar sem nemendur hafa gróðursett birkiplöntur í samstarfi við Skógræktarfélag Tálknafjarðar.

Í skólanum er markviss útikennsla þar sem áhersla er lögð á að kynna náttúrunni og lesa í hana, njóta útiveru og bera virðingu fyrir umhverfinu. Ein af gæðastundum nemenda og kennara er að kveikja upp í útigrillinu, grilla og horfa á eldinn.



Í skólanum eru skipulagðar hreyfivikur þar sem boðið er upp á hreyfingu eins og fjallgöngur, hjólreiðatúra, útileiki, útiþjóna og sjósund. Þjóna er einnig fastur liður í skólafarfinu.

Umhverfisstarf skólans hefur jákvæð áhrif út í samfélagið, t.d. hvatti skólinn til plökksdags í bæjarfélaginu sem haldinn er tvisvar á ári.

Nú er skólinn að vinna með þemað **loftslagsbreytingar**. Þar er lögð áhersla á nýtni, nægjustemi og endurvinnslu. Skólinn heldur reglulega fata- og dótaskiptimarkað, sem er vel nýttur og orðinn að föstum liði í bæjarlífinu. Markaðurinn kemur sér t.d. vel á haustin þegar skólinn hefst því þá er hægt að skiptast á flíkum og öðru sem vantar.



## MENNTUN TIL SJÁLFBÆRNI

Skólinn er með Bambahús þar sem nemendur rækta kryddjurtir og alls kyns grænmeti. Að rækta eigið grænmeti er lærdómsríkt ferli og hefur það gengið vonum framar. Yfir sumartímann er bæjarbúum boðið að sækja sér salat í Bambahúsið, en á haustin þegar skólastarf hefst á ný nýtir mötuneyti skólans afraksturinn.

### Hvað segja nemendurnir?

„Það eru margir kostir við það að vera í Grænfánaskóla, við erum t.d. hvött til þess að vera mikið úti, að njóta náttúrunnar og vinna ýmis verkefni. Það bætir heilbrigði að vera mikið úti. Það er líka gott að læra um hversu mikið heimurinn er að breytast og að átta sig á að litlu hlutirnir skipta máli,“ segir Andrés og heldur áfram: „Við fáum að hafa áhrif á okkar verkefni, t.d. förum við reglulega í göngutúra, mér datt í hug að búa til kort yfir gönguleiðirnar og setja á vefsíðu skólans. Kennararnir studdu mig í þessu og ég fékk að vinna sjálfstætt að þessu verkefni sem ég fékk sjálfur hugmyndina að.“

„Við vorum að læra um loftslagsbreytingar og tókum eftir því að flestar fréttir um loftslagsbreytingar eru neikvæðar,“ segir Sigfríður. „Þá fengum við hugmynd um að gera verkefni þar sem fjallað er um jákvæðar fréttir tengdar loftslagsmálum.“

„Krakkarnir hafa ekki trú á að boð og bönn leysi vandann í umhverfismálum,“ segir Andrés, „heldur þurfi hugarfarsbreytingu. Hún fæst m.a. með því að leggja áherslu á málefnið í skólunum. Ungu fólkið á oft auðveldara með að breyta hegðun sinni en þeir sem eldri eru.“

Uppáhaldsstaður Katrínar í náttúrunni er sandfjaran við Tálknafjörð. „Þar á ég góðar minningar og það er róandi staður.“ Sigfríður nefnir skógræktina í Tálknafirði, „þar er gott að fara í göngutúr, ég fer þangað oft með hundinn minn og get haft hann lausan.“ Andrés heldur mest uppá Tungufoss í Tungudal, „þar er gott að fara í göngutúr, róandi og þægilegur staður.“



Sigfríður Inga Bjarnadóttir 8.bekk Katrín Hugadóttir 6.bekk og Andrés Páll Ásgeirsson 10.bekk höfðu skoðanir á því hvernig er að vera í Grænfánaskóla.





Gatastakkur við Rauðanes í Pistilfirði. Ljósmynd: Rafn Sigurbjörnsson.

## LANDVERND ER MÁLSVARI NÁTTÚRUNNAR

Á liðnu starfsári hefur umsögnum félagsins ekki fækkað og fulltrúar samtakanna eru tíðir gestir hjá fastanefndum Alþingis. Landvernd kemur víða að sem málsvari náttúru og loftslags, bæði með umsagnarskrifum og eftirfylgni með þeim sem og við heimsóknir starfshópa sem skipaðir hafa verið til að vinna vinnu tengda umhverfismálum. Fjölmíðlar hafa leitað mikið til félagsins og félagið sendi einnig fulltrúa á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, COP í Dubai.

### ÍSLENSK YFIRVÖLD ERU BUNDIN AF FJÖLÞJÓÐLEGUM SAMNINGUM

Íslensk stjórnvöld hafa samþykkt Árósasamninginn sem veitir umhverfisverndarsamtökum rétt til:

- Aðgangs að upplýsingum.
- Þátttöku í stefnumótun og ákvarðanatöku um umhverfismál.
- Rétt til að véfengja leyfi fyrir framkvæmdum sem hafa mikil áhrif á umhverfið.

**EES samningurinn** veitir sama rétt og eru íslensk yfirvöld því bundin af tveimur fjölþjóðlegum samningum að þessu leyti. Kæruréttur gildir ekki aðeins um leyfi, heldur einnig um athafnir og athafnaleysi stjórnvalda og loks á, samkvæmt Árósasamningnum, að vera unnt að kæra bæði athafnir og athafnaleysi einkaaðila sem brjóta gegn lögum sem varða umhverfið.

Á árinu lagði Landvernd fram málsókn með heimafólki á Seyðisfirði. Sex hagsmunaaðilar og Landvernd krefjast þess að strandsvæðisskipulag Austfjarða verði fellt úr gildi.

Landvernd hefur ásamt öðrum náttúruverndarfélagum verið mótfallið uppbyggingu sjókvíaeldis í Seyðisfirði vegna neikvæðra áhrifa starfseminnar á náttúru og lífríki. Við það bætist eindregin andstaða mikils meirihluta heimafólks en könnun sem sveitarfélagið lét framkvæma sýndi að 75 prósent íbúa Seyðisfjarðarbæjar eru mótfallin sjókvíaeldi í firðinum. Málinu er ekki lokið og heldur það áfram fram á næsta starfsár.

### STÓR MÁL FRAMUNDAN

Stjórn Landverndar horfir fram á veginn og þar er mörgu enn ósvarað. Ekki er ljóst hvernig fer með aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, frumvarp um lagareldi, vindorkumál og sameiningar stofnana, svo eitthvað sé nefnt. Allt eru þetta mál sem hafa áhrif á hæfni stjórnvalda til þess að takast á við stór málefni með hagsmuni almennings og náttúru að leiðarljósi. Landvernd beitir sér í öllum málaflokkum svo að vel megi fara, því mikið er í húfi.

## UMSAGNIR OG ERINDI

Á liðnu starfsári hefur umsögnum félagsins fjölgað og mikilvægur liður í því starfi Landverndar að rækja hlutverk sitt sem málsvari náttúrunnar er að senda frá sér fjölda umsagna og erinda um margvíslegar skipulagstillögur, mat á umhverfisáhrifum, stefnumótun stjórnvalda, lagafrumvörp, þingsályktunartillögur o.fl.

Hér á eftir má sjá lista yfir þær umsagnir sem Landvernd sendi frá sér á starfsárinu, flokkaðar eftir málaflokkum sem skilgreindir eru í stefnu Landverndar. Tölur innan sviga sýna fjölda umsagna um hvert mál.

### NÁTTÚRUVERND

- Aðal- og deiliskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps
- Aðalskipulag Borgarbyggðar
- Aðalskipulag Múlapings
- Afletting friðunar í Vatnsfirði
- Bann við hvalveiðum
- Efling landvörslu
- Rammaáætlun (2)
- Fjaðrárgljúfur
- Gilsárvirkjun
- Hafnarfjörður matsáætlun
- Hallmúlaleið
- Kjalvegur
- Kvíslártunguvirkjun
- Lagareldi (2)
- Landeldi Thors í Ölfusi
- Landmannalaugar - bréf til umhverfisráðherra
- Mölunarverksmiðja í Þorlákshöfn
- Náttúrufræðistofnun
- Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur
- Náttúruverndar- og minjastofnun (2)
- Óbyggðanefnd og þjóðlendur
- Rammaáætlun
- Reglugerð um fiskeldi
- Rekstrarleyfi fiskeldis
- Reykjanesvirkjun - fiskeldi breyting á aðal- og deiliskipulagi
- Skattlagning orkumannvirkja
- Skipulag Þingeyjarsveitar
- Skipulag Suðurfells
- Sundabraut (2)
- Svæðisskipulag Suðurhálandisins
- Umgjörð Lagareldis til 2040
- Vatnshlot - undanþága Umhverfisstofnunar
- Vegur um Mýrdal
- Vindmyllur
- Vindmyllur á Grjóthálsi
- Vindorka
- Vindorkulög (2)
- Vindorkuskýrsla
- Vindorkuver Lagarfoss
- Þjóðaráttak í landgræðslu og skógækt
- Þjóðgarðar og friðlýst svæði



### SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

- Aðgerðaáætlun í landbúnaði
- Auðlindin okkar
- Efling lífrænnar matvælaframleiðslu
- Ferðamálastefna til 2030
- Fjárlög
- Grænbók um sjálfbært Ísland
- Grænbók um skipulagsmál
- Gullhúðun
- Hvítbók um sjálfbært Ísland
- Hvítbók um skipulagsmál
- Land og skógur
- Landskipulagsstefna
- Nýting og stjórnun nytjastofna
- Raforkuöryggi
- Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu
- Fjárfestingar erlendra aðila
- Sameining stofnana (2)
- Sjávarútvegsstefna
- Skilvirkir ferlar
- Styrking réttarúræða
- Umhverfis- og orkustofnun
- Uppbygging flugvalla



### LOFTSLAGSMÁL

- Breyting á loftslagslögum
- Efnaverksmiðja á Grundartanga
- Loftslagsráð
- Loftslagsstofnun
- Losunarheimildir
- Orkusjóður
- Raforkulög (2)
- Samgönguáætlun (2)
- Viðskiptavettvangur raforku
- Yggdrasil carbon





# NOKKRIR VALDIR VIÐBURÐIR STARFSÁRSINS

Viðburðir starfsársins voru ýmist rafrænir eða á vettvangi. Leitast var eftir samstarfi við ólíka aðila og samtök til að efla samheldni umhverfisverndarfólks og deila þekkingu sem víðast.




## VIÐBURÐIR TENGDIR ALVIÐRU Í ÖLFUSI

Alviðra við Sogið er fræðslusetur Landverndar. Þar er boðið upp á útivist, skemmtun og fræðslu um náttúru og lífríki Íslands. Í júní 2023 var boðið upp á fræðslugöngu um Þrastaskóg: *Flóra og fuglar við Sogið*. *Jónsmessuganga* á Ingólfsfjall var farin að kvöldi 24. júní. Í ágúst var farin fræðsluganga tengd Soginu: *Lífið og fljótin tvö* og í september *Dagur íslenskrar náttúru og lífið í Soginu*. Viku fyrir jól var boðið upp á *Adventugöngu og jólatré í Öndverðarnesi*.



## „AF HVERJU HLUSTAR ENGINN Á MIG?“

Í maí fjallaði Þorgerður María, nýkjörinn formaður Landverndar, um það hvers vegna félagsvísindin séu að taka við sem ein mikilvægustu vísindi náttúruverndar.



## HÁLENDISHÁTÍÐ

Í október var haldin tónlistarveisla í Iðnó til heiðurs Hálandi Íslands með liðsinni tónlistarfólks og annarra velunnara náttúrunnar. Þau sem komu fram voru GDRN, Kári, Lón og Celebs. Benedikt Traustason, Ósk Vilhjálmsdóttir og Ásta Arnardóttir fluttu ávörp og einstakar ljósmyndir Chris Burkard skreyttu Iðnó á þessum skemmtilega viðburði. Stefnt er að nýrri Hálandishátíð 2024.



## BORGARALEG ÓHLÝÐNI

Í október var fjallað um borgaralega óhlýðni og aðgerðir kvennanna sem klifruðu upp í möstur hvalveiðiskipa til að mótmæla hvalveiðum Íslendinga.



## SPILAKVÖLD

Í nóvember var tekin upp sú nýbreytni að bjóða félögum að spila/læra að spila spil sem tengjast umhverfismálum – og leikurinn síðan endurtekinn í febrúar.



## KLÁR Á COP28 – SKILABOÐ TIL LOFTSLAGSRÁÐSTEFNU SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Í nóvember var haldið málþing um loftslagsmálin, þar sem m.a. voru mótuð skilaboð til sendinefndar Íslands á COP28.




## STÓRU TILBOÐSDAGARNIR – TÆKIFÆRI SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF EÐA NEYSLUUKANDI STRESSVALDUR?

Í nóvember stóð Landvernd í annað sinn fyrir öfluglu árvekníatáki undir merkjum Nægjusams nóvember. Viðburðir átaksins voru Stóru tilboðsdagarnir í samstarfi við Neytendasamtökin, Hringrásarjól og Escaping Fast Fashion í samstarfi við Norræna húsið.



## NÝÁRSBOÐ

Vel sótt nýársboð í janúar var frábær vettvangur félaga, starfsfólks og stjórnarfólks til að kynna, spjalla og spá í spilin.



## SAMEINUM KRAFTA – SAMRÁÐ NÁTTÚRUVERNDAR Á ÍSLANDI

Í febrúar stóð Landvernd fyrir vel sóttum fundi, þar sem öllum unnendum íslenskrar náttúru var boðið – einstaklingum og samtökum. Tilgangurinn var að efla samstarf náttúruverndarfólks, stilla saman strengi og kortleggja brýnustu málefni náttúruverndarbaráttu nútímans.



## FUGLASKOÐUN Í GRÓTTU

Landvernd og Fuglavernd sameinuðu krafta sína í byrjun apríl og stóðu fyrir skemmtilegri fuglaskoðun fyrir félagsmenn beggja félaga.



## NÁTTÚRUVERND OG SKIPULAGSMÁL – HVERNIG HÖFUM VIÐ ÁHRIF?

Landvernd bauð öllu náttúruverndarfólki á rafrænt örnámskeið í apríl, þar sem kennt var hvernig allir geta haft áhrif og skipulagsmálin gerð aðgengileg.



# STARFSFÓLK LANDVERNDAR



**Andrés Skúlason**  
*verkefnisstjóri*

Andrés hefur margháttaða reynslu af félags- og stjórnunarstörfum. Andrés hóf störf hjá Landvernd 2021.



**Björg Eva Erlendsdóttir**  
*framkvæmdastjóri*

Björg Eva er með próf í fréttamennsku frá NJH Norges Journalist Högskole og nýútskrifaður landvörður. Hún hóf störf hjá Landvernd 2023.



**Guðrún Schmidt sérfræðingur í menntateymi**

Guðrún er með MA gráðu í menntun til sjálfbærni og B.Sc. gráðu í búvísindum. Guðrún kom til starfa árið 2020.



**Heiður Agnes Björnsdóttir**  
*samskiptastjóri*

Heiður er viðskiptafræðingur með MBA meistargráðu í stjórnun. Hún hóf störf hjá Landvernd 2020.



**Ósk Kristinsdóttir sérfræðingur í menntateymi**

Ósk er með M.Ed. gráðu í kennslufræðum með áherslu á náttúrufræðigreinar. Hún hóf störf hjá Landvernd 2021.



**Rannveig Magnúsdóttir**  
*sérfræðingur*

Rannveig er líffræðingur með meistara- og doktorsgráðu í spendýravistfræði. Hún hefur starfað hjá Landvernd frá 2013.



**Sigurlaug Arnardóttir**  
*verkefnastjóri Grænfána og Umhverfisfréttafólks*

Sigurlaug er með MA gráðu í hagnýtri menningarmiðlun og burtfararpróf í klassískum söng. Sigurlaug hóf störf hjá Landvernd 2019.



**Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir**  
*fræðslustjóri Landverndar*

Vigdís er félagsfræðingur með meistargráðu í opinberri stjórnsýslu með sérhæfingu á sviði fjölmiðlunar og boðskipta. Hún hóf störf hjá Landvernd 2019.



**Örn Guðnason**  
*fjármálastjóri*

Örn er viðskiptafræðingur og grafískur hönnuður. Hann hóf störf hjá Landvernd 2020.

## STJÓRN LANDVERNDAR



**Þorgerður María Þorbjarnardóttir**  
*formaður*  
Jarðfræðingur með meistaragráðu í leiðtogafræðum náttúruverndar.



**Ágústa Jónsdóttir**  
*varaformaður*  
Líffræðingur með meistaragráðu í stjórnun.



**Margrét Auðunsdóttir**  
*gjaldkeri*  
Líffræðingur og framhaldsskólakennari.



**Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson**  
*ritari*  
Líffræðingur með MS gráðu í vistfræði.



**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir**  
Skipulagsfræðingur.



**Einar Þorleifsson**  
Náttúrufræðingur.



**Gunnlaugur Friðrik Friðriksson**  
B.Sc. í tölvunarfræði og BA í heimspeki.



**Kristín Helga Gunnarsdóttir**  
Rithöfundur og leiðsögumaður.



**Guðmundur Steingrímsson**  
Doktorsnemi í umhverfis- og auðlindafræði.



## ALVIÐRA

Landvernd og Héraðsnefnd Árnesinga gerðu á starfsárinu með sér samning um uppskipti á jörðunum Öndverðarnes II og Alviðru sem hafa verið sameign í tæpa hálfu öld. Alviðra féll í hlut Landverndar. Stjórn Landverndar setti í kjölfarið skipulagsskrá fyrir Alviðru og skipaði þriggja manna stjórn. Þá var samþykkt framtíðarsýn fyrir Alviðru þar sem segir m.a.:

„Alviðra verði skrautfjöldur í starfsemi Landverndar en íþyngi ekki samtökunum fjárhagslega. Starfsemi í Alviðru stuðli að mennt í sjálfbærni, útvist og náttúruupplifun sem hafi áhrif til að styrkja stöðu náttúruverndar á Íslandi, og efli þannig þann umfangsmikla þátt í starfsemi Landverndar. Alviðra verði svæði fyrir almenning sem vill eiga útvist í fallegu og að mestu ósnortnu umhverfi.“

Undanfarið starfsár var Alviðra nýtt sem aðstaða fyrir sjálfbodaðliða í náttúruvernd og boðið var upp á opna



dagskrá um náttúru fyrir almenning. Við Alviðru eru einnig starfandi grenndargarðar, þar er dýragrafreitir og hagi fyrir hross. Eftir nokkrar og nauðsynlegar endurbætur hefur aftur fengist heimild til að bjóða skólum að dvelja daglangt í náttúruskólanum Alviðru. Stjórn Alviðru skipa þau Auður I. Ottesen, Ágústa Þ. Jónsdóttir og Tryggvi Felixson. Alviðra er lögaðili í eigu Landverndar. Gefin hefur verið út sérstök ársskýrsla um fjárhag og starfsemi ársins 2023 sem liggur frammi á aðalfundi Landverndar.

## KOLVIÐUR

Kolviður er óhagnaðardrífinn sjóður sem vinnur að kolefnisbindingu með skógrækt í þeim tilgangi að draga úr styrk koltvíoxíðs (CO<sub>2</sub>) í andrúmslofti. Sjóðurinn var stofnaður af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd árið 2006.

Stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar fjármagna með frjálssu framlagi bindingu með trjárækt. Bindingin fer hægt af stað en eykst síðan og nær hámarki sínu 30-40 árum eftir gróðursetningu. Á tilgreindu árabili er binding vottuð með vettvangskonun og mælingum.

Kolviður er nú með rúm 270 þús. tonn CO<sub>2</sub> í bindingarferli; eða um 2 milljónir plantna í vexti á nokkrum svæðum á landinu, í samstarfi við landeigendur.

Verkferlar og skógræktaráætlanir Kolviðar eru samkvæmt alþjóðlegum staðli ISO 14064-2 (Specification with guidance at the project level for quantification, monitoring and reporting of greenhouse gas emission reductions or removal enhancements) og hafa nú hlotið staðfestingu alþjóðlegu löggildingarstofunnar Bureau Veritas.

Tryggvi Felixson og Ásdís Hlökk Theódórsdóttir sitja í stjórn Kolviðar fyrir Landvernd. Miklar breytingar eru fyrirþaanlegar á verksviði Kolviðar á næstu árum þar sem kolefniseiningar verða væntanlega í vaxandi mæli „vara“ á samkeppnismarkaði. Verið er að móta stefnu um hvernig sjóðurinn mætir þessum breytingum.



# VALDAR ÁLYKTANIR OG ÁSKORANIR 2023-2024




## NÁTTÚRAN FÁI STERKARA UMBOÐ Í SAMFÉLAGINU

Á samráðsfundi Landverndar, annarra náttúruverndarsamtaka og náttúruunnenda í febrúar var samþykkt ályktun um nauðsyn þess að náttúran fengi sterkt umboð í samfélaginu og um þörfina fyrir embætti umboðsmanns náttúrunnar. Auka þarf náttúrulæsi, virðingu og tilfinningu fyrir náttúrunni í gegnum skólakerfið og til almennings. Einnig var ályktað um nauðsyn þess að hafa sérstakan ráðherra umhverfismála fyrir umhverfis- og loftslagsvernd en hafa mál nýtingar í öðru ráðuneyti.



## VERNDUN HAFSVÆÐA OG LÍFFRÆÐILEGS FJÖLBREYTILEIKA Í HAFI

Landvernd, ásamt systurfélögum á Norðurlöndum, sammæltust um að vinna saman að því að efla vernd hafsvæða og líffræðilegs fjölbreytileika í hafi á Norðurlöndum. Viðurkennd verði þörf á verndun vistkerfa og námugróftur á hafsbotni ekki leyfður.



## YFIRLÝSING UM VELFERÐ DÝRA

Umboðsmaður Alþingis gaf út álit um að ekki væri hægt að rökstyðja frestun hvalveiða með skýrum hætti á grundvelli laga. Í kjölfarið kallaði Landvernd, ásamt sex umhverfis- og dýravelferðarsamtökum, eftir skýrari lögum sem gera stjórnvöldum fært að grípa til viðeigandi ráðstafana í þágu dýravelferðar.



## LOFTSLAGSMÁL - KRAFA TIL ÍSLENSKRA STJÓRNVALDA

Landvernd, ásamt Náttúruverndarsamtökum Íslands og Ungum umhverfissinum kröfðust þess að íslensk stjórnvöld færu að vísindalegri ráðgjöf í loftslagsmálum og tækju sig verulega á til að ná samdrætti í losun. Jafnframt var þess krafist að réttlát umskipti yrðu höfð að leiðarljósi.

## VERNDUN NÁTTÚRU NORÐURLANDANNA – ÁSKORUN TIL STJÓRNVALDA

Stærstu náttúruverndarsamtök Norðurlanda sendu norrænum stjórnvöldum tilmæli um nauðsyn þess að vernda líffræðilegan fjölbreytileika svæðisins og um að standa við alþjóðlegar skuldbindingar um að hægja á hnignun hans. Skorað var á stjórnvöld að koma á verndun 30 prósentu náttúru hvers lands, bæði í hafi og á landi.





## UM STEFNU LANDVERNDAR

Félagar í Landvernd unnu að stefnumótun snemma árs 2022 og var stefnan samþykkt á aðalfundi í maí 2022. Þar voru helstu viðfangsefni samtakanna skilgreind.

Meginstoðirnar eru sem fyrr fjórar: Náttúruvernd, loftslagsmál, sjálfbært samfélag og fræðsla. Skilgreind voru einstök verkefni innan hvorrar þeirra, sem verða í sviðsljósinu þar til félagar skilgreina nýja stefnu á árinu 2025. Þessu til viðbótar voru skilgreind verkefni sem ætlað er að stuðla að því að virkja félagsfólk í Landvernd.

Með skýrri stefnu fá stjórn og starfsfólk skýra mynd af því hvernig félagsfólk vill að samtökin nýti krafta sína. Stefnan er gott leiðarljós þegar kemur að því að koma á framfæri við almenning fyrir hvað Landvernd stendur, og einnig til að forgangsráða markvisst einstökum málum.

Mikilvægt er að stefna Landverndar á hverjum tíma endurspegli vilja félagsfólks. Í lögum Landverndar segir að stefnuna skuli endurskoða á þriggja ára fresti, næst í janúar 2025.



NÁTTÚRUVERND



LOFTSLAGSMÁL



SJÁLFBÆRNI



FRÆÐSLA


# REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2023

Rekstrartekjur:	2023	2022
Árgjöld .....	52.820.750	54.562.350
Almennir styrkir .....	19.229.016	36.998.862
Verkefnatengdar tekjur og styrkir .....	59.665.444	69.039.931
Umsýslu - og aðstöðugjald .....	7.003.853	7.028.454
Aðrar tekjur .....	664.350	5.493.360
	<u>139.383.413</u>	<u>173.122.957</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Laun og tengd gjöld .....	55.437.351	63.432.658
Verkefnatengd gjöld .....	61.124.400	73.571.222
Önnur rekstrargjöld .....	36.054.480	37.475.320
Afskrift rekstrarfjármuna .....	46.640	46.640
Fjármagnstekjuskattur.....		1.661
	<u>152.662.871</u>	<u>174.527.501</u>
Hagnaður ( halli ) fyrir fjármuna - og fjármagnsliði .....	(13.279.458)	(1.404.544)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>		
Fjármunatekjur .....	4.863.509	119.645
Fjármagnsgjöld .....		(1.114)
	<u>4.863.509</u>	<u>118.531</u>
<b>Hagnaður ( halli ) ársins .....</b>	<u><u>(8.415.949)</u></u>	<u><u>(1.286.013)</u></u>

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2023

Eignir:	2023	2022
<b>Fastafjármunir:</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Jörðin Alviðra og Öndverðanes II .....	8.431.694	8.478.334
Langtímakröfur:		
Verðbréfaeign Hússjóðs .....	24.459.890	23.468.453
Fastafjármunir alls .....	<u>32.891.584</u>	<u>31.946.787</u>
<b>Veltufjármunir:</b>		
Kröfur.....	7.311.309	13.740.985
Handbært fé .....	56.623.366	60.050.998
Veltufjármunir alls .....	<u>63.934.675</u>	<u>73.791.983</u>
<b>Eignir alls .....</b>	<u><u>96.826.259</u></u>	<u><u>105.738.770</u></u>
<b>Skuldir og eigið fé:</b>		
<b>Eigið fé:</b>		
Eigið fé .....	92.091.264	100.507.213
<b>Skuldir:</b>		
<b>Skammtímaskuldir:</b>		
Ýmsar skammtímaskuldir.....	4.734.995	5.231.557
Skuldir alls .....	<u>4.734.995</u>	<u>5.231.557</u>
<b>Skuldir og eigið fé, alls.....</b>	<u><u>96.826.259</u></u>	<u><u>105.738.770</u></u>





LANDVERND